

Nö.

128 Nefndarátt

um tillögu til þingsályktunar um skipun millipinganevndar til þess að ihuga landbúnaðarlöggjöf landsins.

Frá landbúnaðarnevnd.

Landbúnaðarnevnd hefir ihugað þetta mál allrækilega.

Meiri hluti nefndarinnar er á einu máli um það, að brýna nauðsyn beri til að endurskoða búnaðarlöggjöf landsins.

Má og nokkuð sjá, að þess muni ekki vera vanþörf, eftir þeim mörgu og margvíslegu breytingum, sem nú er farið fram á, að gerðar sjeu.

Leggur nefndin því til, að háttvirt deild samþykki tillöguna með þessari

BREYTINGU :

Tillögugreinina skal orða svo :

Alþingi ályktar að kjósa tvo menn í millipinganevnd í sameinuðu þingi, með hlutfallskosningu, til þess að athuga og endurskoða alla landbúnaðarlöggjöf vora og gera tillögur um að samrýma hana, og ennfremur að gera tillögur um nýja löggjöf í ýmsum greinum landbúnaðarins, er miklu máli skifta.

Þriðja mann í millipinganevndina skipar atvinnumálaráðherra.

Verkefni nefndarinnar er meðal annars :

1. Lög um æðstu stjórn búnaðarmála.
2. — um not á erfðafestulöndum og leigulóðum.
3. — um stofnun nýbýla og skifting jarða í því skyni.
4. Athuga, hvort ekki muni rjett að breyta lögnum um búnaðarskólana í þá átt, að nemendum verði gert að skyldu að stunda verklegt nám í skólunum eða í sambandi við þá.
5. Endurskoða jarðræktarlögin samkv. 43. gr. nefndra laga.
6. Endurskoða lög um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 1884.
7. Gera tillögur um alt það, er nefndinni list geti orðið til að auka og flýta fyrir ræktun landsins og landbúnaðinum yrði til styrktar og eflingar.

Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði. Útgjöld fyrir aðstoð við nefndarstörfni og til þess að útvega upplýsingar skal telja til nefndarkostnaðar.

Alþingi, 7. mars 1927.

Þjetur Þórðarson, Halldór Stefánsson. Jörundur Brynjólfsson,
form. framsögumaður.

Hákon Kristófersson, Árni Jónsson,
með fyrirvara. fundaskrifari.